



77. ÍPRÓTTAÞING ÍSÍ

REYKJAVÍK NATURA

16. – 17. MAÍ 2025

Þingskjal nr. _____

Tillaga um mótvægisaðgerðir og stuðning vegna breytinga á lottóúthlutun Flutningsaðili: HSS

Héraðssamband Strandamanna skorar á ÍSÍ að beita sér fyrir mótvægisaðgerðum og koma á fót markvissum stuðningi við þá sambandsaðila sem hafa orðið fyrir verulegri skerðingu (70% eða meira) í kjölfar breytinga á lottóúthlutunum sem tók gildi árið 2024. Slíkar aðgerðir eru forsenda þess að tryggja að börn og ungmenni í fámennum byggðum eigi áfram jafnan rétt til þátttöku í íþróttastarfi.

Greinargerð

Á 53. Sambandsþingi UMFÍ og á 76. Íþróttabingi ÍSÍ árið 2023 var samþykkt breyting á reglum um úthlutun lottótekna, þannig að 85% af hlut sambandsaðila rynni til íþróttahéraða í samræmi við íbúafjölda 18 ára og yngri. Þar með féll úr gildi fyrra kerfi þar sem íbúafjöldi hafði minna vægi.

Þessi breyting hefur haft hlutfallslega mest áhrif á fámenn og jaðarsett byggðarlög, þar sem íþróttastarfsemi þarf að halda úti við allt önnur skilyrði en í stærri byggðum – með færri iðkendum, breiðari aldurshópum, ólíkum persónulegum þörfum einstaklinga og fleiri áskorunum tengdum aðgengi, aðstöðu og fjarlægðum.

Kostnaður vegna ferðalaga á keppnismót, námskeið og viðburði, sem að mestu fara fram á höfuðborgarsvæðinu, vegur þungt á foreldrum og félögum sem þegar búa við veikara fjárhagslegt bakland. Þá eru íþróttafélög á þessum svæðum oft háð sjálfbærðisávinnum, tímabundnum ráðningum og fjárfestingum í eigin búnaði.

Lottótekjur hafa hingað til gegnt lykilhlutverki í að jafna stöðu barna og ungmenna á landsbyggðinni – en nýja kerfið hefur að stórum hluta tekið þann stuðning frá. Sem dæmi má nefna að úthlutun til Héraðssambands Strandamanna lækkaði um 90% frá árinu 2023 (úr 6,5 milljónum króna í 694 þúsund krónur árið 2025). Þegar 50% af þeirri upphæð rennur til sambandsins sjálfs, standa eftir um 58.000 kr. að meðaltali á hvert aðildarfélag – árlega.

Þrátt fyrir að aukið fjármagn renni nú til yfirbyggingar íþróttamála á Vestfjörðum, ber að hafa í huga að litlar sem engar beinar greiðslur skila sér lengur til íþróttahéraðanna sjálfra. Þetta eru héruð sem starfa við veika fjárhagsstöðu, en þurfa jafnvel að sinna grunnþjónustu sem önnur svæði taka sem sjálfsögðum hlut.

Vísað til: ☐ Laganefndar ☐ Fjárhagsnefndar ☐ Allsherjarnefndar ☐ Afreksnefndar